

Reykjavík, 15. febrúar 2012

Alþingi
v.t. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti til: nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (eignarhald, ábyrgðarmenn o.fl. EES reglur)
Tilvísun: Þingskjal nr. 631 – 490 mál.

Skjárinn ehf. þakkar fyrir tækifæri til þess að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp menntamálaráðherra til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (eignarhald, ábyrgðarmenn o.fl. EES reglur), sbr. þingskjal nr. 631 – 490 mál. Skjárinn er dótturfélag Skipti hf. en síðarnefnda félagið fékk frumvarpið til umsagnar. Skjárinn rekur bæði útvarps- og sjónvarpsstöðvar og hefur því umtalsverða hagsmuna að gæta vegna fjölmiðlamálefna.

Skjárinn telur að þörf sé fyrir því að leggja fram nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

Í fyrsta lagi telur Skjárinn nauðsynlegt að gera athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að eftir klukkan 22:00 á föstudags- og laugardagskvöld en kl. 21:00 önnur kvöld sé óheimilt að birta efni sem ekki er ætlað fyrir börn. Skjárinn telur nauðsynlegt að ákvæðið sé samræmt þannig heimilt verði að sýna allt efni bannað börnum eftir klukkan 21:00, alla daga. Skjárinn sé ekki rökin fyrir því að hafa strangari reglur um birtingu efnis um helgar.

Það er einnig vert að benda á að myndefni sem er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára er umtalsvert skaðlausara börnum heldur en fréttir og fréttatengt efni sem er birt á milli 18:30-20:00. Undanfarið hafa komið mjög ítarlegar lýsingar á hinum ýmsu tegundum afbrota sem ætla mætti að væri ekki fyrir unga einstaklinga að hlusta á. Þá koma fram í prentmiðlum iðulega fréttir og myndir sem ætla mætti að ekki væri skaðlausar mjög ungum einstaklingum. Því getur Skjárinn ekki sé hvað rök eru fyrir því að setja slíkar takmarkanir á dagskráefni fjölmiðla og þeim sé gert að miðla efni bönnuð börnum, þar með talið myndum bönnuðum börnum yngri en 12 ára, eftir klukkan 22:00 á föstudögum og laugardögum. Það er mikilvægt að tekið sé tillit til þess að börn sem eru einstaklingar undir 18 ára aldri eru mjög breytilegur hópur með mismunandi þroska.

Skjárinn leggur því til að ákvæði 10. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að miðað sé við eftir klukkan 21:00 verði heimilt að miðla efni bönnuðu börnum alla daga.

Í öðru lagi þá telur Skjárinn einnig rétt að koma á framfæri athugasemdum við 17. gr. frumvarpsins, einkum heimild Samkeppniseftirlitsins til þess að hlutast til um starfsemi fjölmiðla. Að mati Skjásins þá hljóta samkeppnislög að veita Samkeppniseftirlitinu fullnægjandi heimildir til þess að grípa inn í starfsemi fyrirtækja sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni, þar með talið reglur um samrunaefirlit. Því verður ekki séð hvaða tilefni sé til þess að hafa sérreglur um starfsemi fjölmiðla. Sérreglur eru til þess fallnar að auka á flækjustig og ógagnsæi í starfsemi fyrirtækja.

Þá verður að taka það fram að umrætt ákvæði er óskýrt og að mati Skjásins orkar það verulega tvímælis út frá Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með síðari breytingum. Einkum og sér í lagi greinum 72., 73. og 75. Sérstaklega þykir Skjánum það varhugavert að ríkisstofnun eigi að hafa heimild til þess að hlutast til um skipulag fyrirtækis ef fjölbreytileika er ekki gætt nægilega vel. Umrætt hugatak er ekki skýrt í lögnum og þá kemur ekki fram hvort um sér að ræða fjölbreytileika í fréttæfni eða öðru dagskrárefni. Það verður ekki betur séð en að Alþingi sé að framselja með óheftum hætti vald til framkvæmdarvaldsins (Samkeppniseftirlitsins) til þess að hafa áhrif á dagskrá fjölmiðlaveitna. Það er augljóst að slík samræmist ekki 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins. Samkeppniseftirlitið virðist hafa frjálsar hendur við mat á því hvenær fjölbreytileiki er ekki nægjanlega fyrir hendi og raunar fjölræði einnig að miklu leyti. Bendir Skjárinn sérstaklega á dóm Hæstaréttar nr. 15/2000, frá 13. apríl 2000 *Stjörnugrís gegn íslenska ríkinu* sem nauðsynlegt er að taka tillit til.

Skjárinn óskar þess að tekið sé tillit til framangreindra atriða við meðferð frumvarpsins og lýsir sig reiðubúinn til þess að fara yfir málið með nefndinni á fundum, sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Skjásins ehf.,



Eiríkur Hauksson hdl.